

Öldungadeild Ský

Fundargerð aðalfundar, sem haldinn var 12. febrúar 2015 í húsakynnum Opinna Kerfa.

Fundurinn hófst kl. 12:15 með hádegisverði í boði OK og kynningu á starfsemi fyrirtækisins.

Síðan var gengið til aðalfundarstarfa.

Þorsteinn Hallgrímsson, formaður setti fundinn og stakk upp á að fela Jóhanni Gunnarssyni fundarstjórn og Ágústi Ú Sigurðssyni fundarritun. Var það samþykkt.

Dagskrá fundarins var í þrem liðum.

1. Skýrsla Öldungadeildarinnar til stjórnar Ský um starfsemi á árinu 2014:

Útprentuð eintök skýrslunnar höfðu verið afhent fundarmönnum. Þorsteinn Hallgrímsson rakti og skýrði fyrir fundarmönnum efni hennar, lið fyrir lið. Athugasemd var gerð við kaflann "Ráðstefnur" því að tveir fundarmanna höfðu sótt HINC4 ráðstefnuna í Danmörku, en þess var ekki getið. Einnig komu fram ábendingar um tiltekna minni háttar lagfæringar. Með þessum breytingum, sem ÞH mun gera á skýrslunni, var hún samþykkt og verður þannig send til stjórnar Ský.

2. Kosning stjórnar:

Enginn stjórnarmanna hafði óskað eftir að ganga úr stjórninni, engin önnur framboð borist og var því stjórnin endurkjörin óbreytt. Hana skipa Ágúst Úlfar Sigurðsson, Bergsveinn Þórarinsson, Bergþóra K. Ketilsdóttir, Jón Ragnar Höskuldsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns.

3. Önnur mál:

Rætt var um skort eða lítið framboð á ljósmyndum sem tengjast upplýsingatækni á Íslandi. Fundarmenn voru hvattir til að safna og miðla eigin myndum ásamt vitneskju um myndir í eigu annarra aðila. Í umræðunni var m.a. nefnd myndabók Ottó Michaelsen og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Vegna ritsins um sögu upplýsingatækninnar skiptir miklu máli að safna slíkum ljósmyndum, helst í hágæðaupplausn. Þeim sem vita um áhugaverðar myndir er bent á að senda þær til Ský á pósthfangið sky@sky.is.

Nokkuð var að venju rætt um varðveislu eldri búnaðar og hvort unnt væri að finna geymslur fyrir hann til frambúðar sambærilegt við það sem Danir hafa gert. Ef það á að takast þarf að finna styrktaraðila sem er tilbúinn að kosta leigu til nokkurra ára. Einnig kom fram að mjög æskilegt væri að hafa aðstöðu til að sýna búnaðinn að staðaldri. Jóhann Gunnarsson sagðist sakna almennra félagsfunda í tengslum við fyrirtækjaheimsóknir. Slíkir fundir væru vel fallnir til að kynna félagsmenn deildarinnar innbyrðis, starfsemi deildarinnar út á við og afla nýrra félagsmanna. Var erindi þessu beint til stjórnar.

Fundi var slitið um kl. 13:40

Ágúst Ú Sigurðsson